

Ár 2007, þriðjudaginn 26. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar

I.

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Verkefni kjararáðs er meðal annars að ákveða laun og starfskjör ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögnum er ekki kveðið nánar á um hverjir það eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um það til hverra ákvörðun þess um laun og starfskjör nái. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skulu allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992 þegar löggin um kjararáð tóku gildi, sæta ákvörðunum þriggja manna kjararáðs, þar til kjararáð hefur ákveðið nánar til hverra þessi háttur á ákvörðun kjara skuli framvegis ná. Ákvörðun launa og starfskjara flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar heyrir undir kjararáð samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 30. júní 2006 frá flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar. Í bréfinu var óskað eftir að launakjör hans yrðu tekin til endurskoðunar og leiðrétt með hliðsjón af nýjum verkefnum og stórauðnu rekstrarumfangi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar. Verkefni flugvallarstjóra væri að veita Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar forstöðu en hlutverk þeirrar stofnunar væri að annast stjórnun, rekstur og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar. Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar hefði rekið flugvöllinn í samstarfi við varnarliðið, en 15. mars 2006 hefðu bandarísk stjórnvöld tilkynnt ríkisstjórn Íslands að dregið yrði stórlega úr starfsemi Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli og að orrustuþotur og björgunarþyrlur yrðu fluttar brott í síðasta lagi fyrir lok september 2006. Jafnframt hefðu Bandaríkjamenn sagt upp öllum íslenskum starfsmönnum sínum á Keflavíkurflugvelli og lyki ráðningarsamningum þeirra sem hefðu lengstan uppsagnarfrest 30. september 2006. Til að bregðast við þessum breytingum hefðu verið sett lög nr. 34/2006 um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, en þar væri gert ráð fyrir að stofnunin yfirtæki þau verkefni sem Bandaríkjamenn hefðu annast á Keflavíkurflugvelli á grundvelli varnarsamningsins. Í ákvæði til bráðabirgða í lögnum segði að bjóða skyldi án auglýsingar öllum starfsmönnum varnarliðsins sem unnið hefðu við rekstur flugvallarins á árinu 2006, starf til þess að tryggja áframhaldandi rekstur hans. Alls hefði verið um 140 starfsmenn að ræða en fyrir hefðu starfsmenn Flugmálastjórnar verið 62. Í bréfinu kom einnig fram að fyrir utan þær breytingar sem orðið hefðu á starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar við brotthvarf varnarliðsins, hefði umfang starfseminnar aukist hröðum skrefum undanfarin ár. Þannig hefði ársvelta stofnunarinnar aukist úr 500 milljónum í milljarð frá því árið 2001 og myndi verða um tveir og hálfur milljarður þegar yfirtöku á verkefnum varnarliðsins verði lokið. Auknar kröfur eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) hefðu leitt til þess að fjölga hefði þurft starfsfólki til að annast framkvæmd flugverndar. Þá bæri stofnunin ábyrgð á þjálfun og kennslu á sviði flugverndar hjá starfsmönnum hinna ýmsu fyrirtækja sem störfuðu á Keflavíkurflugvelli. Mikil ábyrgð hvíldi á flugvallarstjóra við rekstur Keflavíkurflugvallar. Flugvöllurinn væri alþjóðaflugvöllur og afkastamesta samgöngumannvirki landsins. Þá gerðu lög nr. 34/2006 ráð fyrir að stofnunin ræki slökkvilið. Þannig væri Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar falið hlutverk sem sveitarfélög gegndu annars staðar. Þetta endurspeglar ábyrgðarhlutverk

Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar innan stjórnáslunnar. Samfara öllum þessum breytingum hefði vinnuálag á flugvallarstjóra aukist verulega. Sú kvöð hvíldi á honum að vera ávallt á bakvakt vegna öryggismála flugvallarins og að sinna formennsku í almannavarna- og flugverndarnefnd. Íðulega hefði hann þurft að bregðast við í neyðartilvikum á kvöldin og um nætur. Óskaði hann eftir að leiðrétting á launakjörum yrði frá 19. maí 2006 en þá tók bráðabirgðaákvæði laganna gildi. Flugvallarstjóri kom á fund kjararáðs 14. nóvember 2006 og gerði nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum. Lagði hann fram gögn um mánaðarlaun og ábyrgð starfsmanna hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar. Kom meðal annars fram í máli hans að hann teldi eðlilegt að grunnlaun flugvallarstjóra og flugumferðarstjóra væru sambærileg. Laun hans nú væru sambærileg við laun millistjórnanda hjá stofnuninni.

Með bréfum dagsettum 13. október 2006 var fjármálaráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum vegna málsins. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 25. október 2006. Í bréfinu sagði að ráðuneytinu væri kunnugt um að umfang embættisins hefði aukist vegna yfirtöku verkefna frá varnarliðinu en ekki kom fram afstaða til málsins. Í svari utanríkisráðuneytisins dagsettu 20. október 2006 sagði að með setningu laga um flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar nr. 34/2006 hefðu orðið umtalsverðar breytingar á rekstri flugvallarins. Markmið laganna hefði verið að tryggja snurðulausa yfirtöku Íslands á þeim rekstrarþáttum Keflavíkurflugvallar sem áður hefðu verið á hendi Bandaríkjahers. Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar annaðist nú ein rekstur flugvallarins. Flugvallarstjórinn stjórnaði starfsemi og rekstri stofnunarinnar og réði starfsmenn til hennar. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögnum bar Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar að bjóða þeim starfsmönnum varnarliðsins störf sem unnið hefðu hjá varnarliði í slökkviliði, snjóruðnings- og brautadeild, rafeindadeild, voltadeild og verkfræðideild. Alls hefðu verið ráðnir um 140 starfsmenn og væru starfsmenn stofnunarinnar nú um 200 talsins en voru áður 62. Á grundvelli 2. gr. laganna starfrækti stofnunin nú einnig sérhæft slökkvilið en stjórn þess hefði áður verið á hendi varnarliðsins. Árlegur aukinn rekstrarkostnaður stofnunarinnar vegna yfirtekinna verkefna frá Bandaríkjaher næmi um 1.420 milljónum króna á ári. Að mati ráðuneytisins væru framangreindar breytingar á starfsumhverfi, rekstrarábyrgð og stjórnunarhlutverki flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar verulegar.

III.

Í 1. gr. laga um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar nr. 34/2006 segir að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar sé sérstök stofnun sem annist stjórnun, rekstur og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar í samræmi við ákvæði loftferðalaga og annarra laga eftir því sem við eigi. Sérstakur flugvallarstjóri stjórnar starfsemi og rekstri Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og ráði starfsmenn til stofnunarinnar. Samkvæmt 2. gr. laganna ber Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar ábyrgð á að starfrækt sé slökkvilið á Keflavíkurflugvelli og annast framkvæmd eldvarnaeftirlits. Heimilt er að semja við sveitarfélag eða byggðasamlag um að hafa með höndum verkefni og stjórn slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli. Lögin tóku gildi 1. júní 2006 nema ákvæði til bráðabirgða sem tók gildi 19. maí 2006. Í því segir að bjóða skuli því starfsfólki störf hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar sem unnið hafi á árinu 2006 hjá eftirtöldum deildum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli: Slökkviliði, snjóruðnings- og brautadeild, rafeindadeild, voltadeild og verkfræðideild. Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli undirbýr og annast ráðningar í framangreind störf í samráði við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Í 10. gr. laganna segir að kjararáð skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögunum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður úrskurðað um laun flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar. Kjaranefnd úrskurðaði síðast um laun hans 6. nóvember 2001. Undanfarin ár hefur umfang starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar aukist jafnt og þétt. Auk þess urðu miklar breytingar á starfs- og rekstrarumhverfi Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli á árinu 2006 við brotthvarf varnarliðsins eins og rakið er í bréfum flugvallarstjóra og utanríkisráðuneytisins hér að framan. Þessar breytingar gefa tilefni til hækkunar á launum flugvallarstjóra.

Með vísan til þess sem á undan segir og til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að gæta í starfskjörum þeim sem það ákveður, hefur ráðið ákveðið að laun flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

Enda þótt þær breytingar, sem eru tilefni hækkunar á launum flugvallarstjóra, hafi orðið vorið 2006 nær umboð kjararáðs ekki lengra aftur en til 1. júlí 2006 og getur hækkunin því ekki tekið gildi fyrr.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2006 skulu mánaðarlaun flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 135 nú 648.757 krónur. Að auki skal greiða honum 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.462 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir